

REGLUGERÐ

um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Erítreu.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Erítreu nr. 1907 (2009) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, sbr. ályktun öryggisráðsins nr. 751 (1992), 4. mgr. ályktunar nr. 1356 (2001), 11. mgr. ályktunar nr. 1844 (2008) og 18. mgr. ályktunar nr. 1907 (2009).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/751/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnaviðskiptabann.

Vopnaviðskiptabann skal gilda gagnvart Erítreu, sbr. 5. og 6. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 1907 (2009).

3. gr.

Skoðunarskylda.

Nú hefur loftfar eða skip viðkomu á Íslandi með farm, sem er á leið til eða frá Erítreu, og er þá bærum stjórnvöldum heimilt að skoða farminn, enda sé gild ástæða til að ætla að loftfarið eða skipið flytji hluti sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 7. mgr. ályktunar nr. 1907 (2009).

Nú kemur í ljós að loftfar eða skip flytur hluti, sem bann er lagt við samkvæmt 1. mgr., og er þá heimilt að gera þá hluti upptæka og eyðileggja þá eða gera ónothæfa, sbr. 8. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 1907 (2009).

4. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

5. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Nr. 300

23. mars 2010

7. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 23. mars 2010.

Össur Skarphéðinsson.

Einar Gunnarsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2010